

Ed.

### 587. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn á íslenskum skipum.

Nefndin telur frumvarp þetta réttarbót. Það nýmæli er í það tekið, að váttrygging sjómanna nær einnig til sjómanna á vélarbátum og róðrabátum. Nefndin telur rétt, að lögin nái þó ekki til minni báta en sexæringa, með því að slíkum bátum er nú orðið óvíska rósið að staðaldri. Þá virðist nefndinni og nokkur torkerki geti verið á því, að láta sömu reglur fyrir innheimtu gjaldsins gilda fyrir þilskip og þessa minni báta. Skipverjar á þeim eru ekki lögskráðir og getur lögskráningarstjóri því ekki haft sama eftirlit með ráðningu þeirra og þilskipamanna, og aðgangur að útgerðarmönnum þeirra torveldari en þá, er um þilskipin er að ræða. Ennfremur þarf að gera ráðstöfun fyrir hinum núverandi váttryggingarsjóði sjómanna. Til þess að ráða bót á þessum varikvæðum og öðrum smágöllum hefir nefndin því gjört nokkrar breytingartillögur við frumvarpið, er hér fara á eftir, og ræður hún deildinni til að samþykkja þær.

1. Við 1. gr. Orðin: »í förum« í niðurlagi fyrstu málsgreinar falli burtu.
2. — » — Fyrir orðin: »opnum bátum . . . fiskiveiða« komi: »og róðrabátum, sexæringum eða stærri«.
3. — 2. — Orðin í fyrri málsgreininni »og skal« til enda greinarinnar falli burtu.
4. — » — Síðari málsgrein orðist svo: »Þegar formaður á vélarbát eða róðrabát (sbr. 1. gr.) hefir ráðið háseta sína, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta skýrslu um nöfn þeirra, heimili og aldur ásamt gjaldi því, er greiða ber eftir 3. gr., en hreppstjóri sendir skýrsluna og gjaldið til sýslumanns sem skráningarstjóra og skal hann senda skrá þessa og þá, sem nefnd er í fyrri málsgrein greinar þessarar váttryggingarstjórn þeirri, sem nefnd er í 4. gr. laga þessara
5. — 3. — Greinin orðist svo: Hver sá sjómaður, sem váttrygður er eftir lögum þessum, er skyldur að greiða í váttryggingarsjóð, þann er síðar getur um, gjald er nemur 18 aurum fyrir hverja viku, sem hann er lögskráður fyrir eða ráðinn í skiprúm, og reiknast gjaldið frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom í skiprúm. Þriðjung á móts við gjald skipverjanna allra greiðir útgerðarmaður.

Útgerðarmaður þilskips greiðir skráningarstjórn gjald þetta fyrir sig og fyrir skipverja sína gegn endurgjaldi af kaupi þeirra eða hlut, og innheimtir skráningarstjóri það gjald. Gjald þetta greiðist þegar lögskráningin fer fram og má taka það lögtaki. — Formaður vélarbáts eða eða róðrabáts greiðir gjaldið fyrir útgerðarmann og skipverja til hreppstjóra eða bæjarfógeta (sbr. 2. gr.) gegn endurgjaldi af afla bátsins eða hlutum hásetanna. Gjald þetta má og taka lögtaki. Skráningarstjóri skilar gjaldinu í váttryggingarsjóð fyrir lok desembermánaðar ár hvert að frádregnum 2% innheimtulaunum af þilskipum og 4% af vélarbátum og róðrabátum, og gengur helmingurinn af hinu síðarnefnda gjaldi til hreppstjóra, þar sem hann hefir innheimtuna á hendi.

6. — 4. — Fyrir »Váttryggingarfélaginu« komi: »Váttryggingarsjóðnum«.
7. — » — Fyrir »váttryggingarsjóði« í enda greinarinnar komi »váttryggingarsjóðnum«.

8. A eftir 7. gr. komi ný grein, er verður 8. gr. svo hljóðandi: »Sjóður sá, er stofnaður er með lögum þessum tekur við eignum og skuldbindingum váttryggingarsjóðs þess, er stofnaður var með lögum nr. 40, 10. nóv. 1903. Að öðru leyti eru þau lög úr gildi numin«. Greinatalan breytist eftir því.
9. Við 9. gr. Greinin falli burtu.
10. Ný grein sem verður 10. gr. svo hljóðandi: Brot gegn lögum þessum varða 5—100 kr. sektum, sem renna að hálfu í váttryggingarsjóð og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Með mál út af brotum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.
11. Ný grein, sem verður 11. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1910.
12. Fyrirsögn frumvarpsins orðis svo:  
Frumvarp til laga um váttrygging fyrir sjómenn.

Alþingi 21. apríl 1909.

Jens Pálsson  
formaður.

Sigurður Stefánsson  
skrifari og framsögumaður.  
Eiríkur Briem.